

EFTIRLITSSKÝRSLA

Lindarfiskur ehf. Botnum, Meðallandi



Dags eftirlits	20.10.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Lindarfiskur ehf.	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Sigtún 6	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	590509-0350	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Drífa Bjarnadóttir	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Helga Ólafsdóttir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram í eftirlitinu: 1) Losun á fosfór árið 2022 var umfram heimiluð mörk skv. starfsleyfi. 2) Efni voru geymd án viðeigandi lekavarna.

Tvær ábendingar voru gerðar: 1) Fylla þarf í skarð í bakka settjarnar. 2) Öryggisblöð skulu vera tiltæk þar sem efni eru annað hvort geymd eða notuð.

Ekkert eldra frávik var opið þegar eftirlitið fór fram.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Lindarfisks, Botnum í Meðallandi. Skoðunarferð fór fram 19. október en rafrænn fundur var haldinn 20. október.

Lindarfiskur er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun þann 6. júní 2019 og heimilar framleiðslu á 300 tonnum af bleikju árlega. Framleiðsla árið 2022 var langt innan þeirra marka.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynning á fylgiskjölum
- Önnur mál
- Skoðunarferð

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti

A) Þrjár ábendingar voru gerðar í eftirliti árið 2022: a) Rekstraraðila er bent á að fara yfir hvað á að koma fram í ársyfirliti sem ber að skila Umhverfisstofnun, skv. gr. 4.4 í starfsleyfi. b) Fara þarf yfir útreikninga á losun mengandi efna og tryggja að réttar upplýsingar séu sendar Umhverfisstofnun. c) Fylla þarf í skarð á settjörn til að tryggja sem besta hreinsun á frárennslinu.

Brugðist var við ábendingunum eins og hér segir: a) Engar athugasemdir eru gerðar við skil á ársyfirliti fyrir árið 2022. b) Engar athugasemdir eru gerðar við útreikninga á losun mengandi efna árið 2022. c) Samkvæmt rekstraraðila var fyllt í skarðið sem var á settjörn þegar eftirlit fór fram árið 2022. Í eftirliti ársins 2023 hafði myndast nýtt skarð í bakka settjarnarinnar og var hreinsun á frárennslinu því ekki eins og best verður á kosið. Rekstraraðila er bent á að fylla í skarðið og fylgjast með að ekki myndist nýtt skarð.

B) Tvö frávik komu fram í eftirliti ársins 2022. Öðru þeirra var lokað í bréfi dags. 14. desember 2022 og hinu var lokað í bréfi dags. 2. febrúar 2023.

C) Settjörn stöðvarinnar var hreinsuð í maí 2023 en hana á að hreinsa á a.m.k. þriggja ára fresti.

- Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi

Grænu bókhaldi og ársyfirliti var skilað þann 23. febrúar 2023. Í grænu bókhaldi kemur m.a. fram að losun á fosfór er talsvert umfram heimiluð mörk í starfsleyfi. Eftir endurútreikning er niðurstaðan sú að losun á fosfór árið 2022 var um 10 kg/framleitt tonn sem er umfram heimiluð mörk og því frávik frá starfsleyfi.

EKKI var gerð krafa um að frárennslismælingar væru gerðar árið 2022.

- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Smávægilegar breytingar voru gerðar á áhættumatinu frá síðasta eftirliti, en þær breyta ekki niðurstöðu matsins.

- Kynningar á fylgiskjölum

Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg, kynning á nýrri gjaldskrá UST og kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits, sem fylgdu fundarboðinu, voru ræddar.

5. Önnur mál

Í eftirlitsskýrslu vegna eftirlits sem fór fram árið 2020 kemur fram að sýni eigi að taka úr frárennsli stöðvarinnar árið 2023 og er fyrirhugað að sú sýnataka fari fram í desember.

6. Skoðunarferð

Gengið var um lóð rekstraraðila auk þess sem aðstaða til að geyma efni var skoðuð. Við geymslu efna skal tryggt að ekki sé hætt á að þau komist út í umhverfið. Efni voru geymd án viðeigandi lekavarna og er það frávik frá starfsleyfi. Auk þess er rekstraraðila bent á að öryggisblöð skulu vera tiltæk alls staðar þar sem efni eru annað hvort geymd eða notuð.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 3.4 í starfsleyfi	Losun á fosfór árið 2022 var um 10 kg / framleitt tonn en má ekki vera yfir 9,0 kg / framleitt tonn.
gr. 3.11 í starfsleyfi	Efni voru geymd í efnaskáp án viðeigandi lekavarna.


ÁBENDINGAR

Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu: 1) Skarð hafði myndast í bakka settjarnar sem veldur því að hreinsun frárennslis er ekki eins og best verður á kosið. Fylla þarf í skarðið og sjá til þess að ekki myndist nýtt skarð. 2) Öryggisblöð skulu vera tiltæk alls staðar þar sem efni eru annað hvort geymd eða notuð. Öryggisblöð voru til staðar í starfsmannaaðstöðu en ekki við efnaskápinn sem er í öðru húsi.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 20.11.2023



Freyr Evarsson

